



Félag starfsfólks í veitingahúsum

Ingólfsstræti 5 - 101 Reykjavík - ☎ 562 6099 - Telefax 562 6097

LÍFEYRISSJÓÐUR

FSV

SÍMI 562 6088

Félagsmálanefnd Alþingis
b/t Kristínar Ástgeirsdóttur

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1409

komudagur 15/4 1996

Reykjavík, 12. apríl 1996

Efni: Athugasemdir Félags starfsfólks í veitingahúsum við frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-96.)

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um stofnun vinnustaðafélaga. Það ákvæði stangast á við samþykktir ILO nr. 87 og nr.98 og 5. og 6. grein Félagsmálasáttmála Evrópu. Í þessu ákvæði er verið að hlutast til um innra skipulag verkalýðshreyfingarinnar og er það með öllu ólíðandi. Það er alfarið verkefni félagsmanna að breyta skipulagi hreyfingarinnar, ekki stjórnvalda.

5. gr. Þar er líka verið að hlutast til um innri mál og færa vald frá félagsmönnum til samninganefnda eða fyrirsvarsmanns eins og það er orðað. Annað sem stingur í augu við lestur þessarar greinar eru þrjár mismunandi tegundir atkvæðagreiðslu. Alls eru tegundir atkvæðagreiðslna sjö í plagginu og vandséð með hvaða rökum slíkt á aðeins að gilda um verkalýðshreyfinguna. Það er sjálfsgöð krafa að verkalýðsfélögin ráði því sjálf hvornig þau afgreiða sín mál án afskipta ríkisvaldsins. Um atkvæðagreiðslur í sambandi við boðun verkfalla, afgreiðslu kjarasamninga og miðlunartillögur sáttasemjara á að sjálfsgöðu að gilda sú grundvallarregla í lýðræðisríki að meirihluti þeirra sem kjósa ráði. Annað er afskræming á lýðræðinu.

Í 15. gr. er fjallað um boðun verkfalls. Þar segir: "Í tillögum um vinnustöðvun skal koma skýrt fram til hverra henni er ætíð að taka og hvenær vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda." Þessi setning sviptir Félag starfsfólks í veitingahúsum í reynd verkfallsvopninu. Því alltof mörg fyrirtæki í veitingarekstri skipta jafn oft um kennitölu og fólk skiptir um sokka. Það yrðu því ekki nema fá fyrirtæki sem við gætum staðið í kjaradeilu við og þá þau heiðarlegu. Er það virkilega ætlun félagsmálaráðherra og alþingismanna að svipta láglaunakonur og -karla verkfallsvopninu og hygla þar með skúrkunum?!


20. gr. Þar er kaflinn um sáttastörf felldur inn í vinnulöggjöfina. Það er í hæsta máta undarlegt að ekki skuli gerðar neinar hæfniskröfur til ríkissáttasemjara eins og honum eru fengin mikil völd í frumvarpinu. Þá er eftirtektarvert að félagsmálaráðherra á að gefa á garðann í launum vararíkissáttasemja og annarra sem eiga að koma til verka í sáttastörfum. Það er undarlegt í ljósi þess að ríkið er stærsti atvinnurekandi landsins og þar með ekki hlutlaus aðili í þessu sambandi.

Þá er undarleg sú tillaga að tengja saman í miðlunartillögu félög sem ekki eiga í vinnudeilu en eru með lausa samninga og þau sem eru í vinnudeilu.

Viðræðuáætlun sem slík er góðra gjalda verð, þótt ekki sé ástæða til að setja slíkt í lög, enda eiga aðilar vinnumarkaðarins að semja um þess háttar atriði.

Andi laganna er allur sá að þrengja rétt verkafólks og til þess eins að gera samskipti á vinnumarkaði erfiðari. Alvarlegasti gallinn er þó að með samþykkt frumvarpsins yrðum við svipt verkfallsvopninu. Hér er því um að ræða grófa árás á grundvallarmannréttindi og því ekki samboðið Alþingi að fjalla um slíkt mál. Við krefjumst því þess að þetta frumvarp verði þegar í stað dregið til baka.

Fyrir hönd Félags starfsfólks í veitingahúsum,



Hjördis Baldursdóttir

Hjördis Baldursd.
